

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 48 16. maí 1974, um happdrættislán
ríkissjóðs til að fullgera Djúpvæg og opna
þannig hringveg um Vestfirði.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Hæddrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 3 flokkum á árunum 1974 og 1975 og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfa-flokks.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, en draga ber um þá einu sinni á ári.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. september 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.